

Til forsætisráðuneytis

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (mál nr. 34/2020 í samráðsgátt)


Með 7. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á jarðalögum, nr. 81/2004, sem m.a. fela í sér að skylt verði að afla samþykkis ráðherra fyrir ráðstöfun beins eignarréttar, eða afnotaréttar til lengri tíma en fimm ára, yfir fasteign ef eitthvert þeirra skilyrða sem þar er tilgreint er uppfyllt. Meðal þeirra er að stærð fasteignar sé 350 hektarar eða meiri, sbr. 2. tölul. 1. mgr. Þá kemur fram í 2. málsl. 5. mgr. sömu greinar að þar sem vísað sé til fasteignar eða fasteignaréttinda í ákvæðum greinarinnar sé einungis átt við fasteignir eða réttindi sem falli undir gildissvið laganna. Þjóðlendum eru meðal þeirra fasteigna sem falla undir gildissvið jarðalaga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra.

Algengt er að jörðum fylgi afnotaréttur í formi réttar til afréttarnota í þjóðlendum, þ.e. þeim þjóðlendum sem eru jafnframt afréttir, sbr. b-lið 7. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, eða eftir atvikum í afréttareign einstakra jarða, sbr. c-lið sömu greinar. Þessi réttindi fylgja jafnan viðkomandi jörðum við framsal eignarréttar á þeim. Eðli máls samkvæmt eru þjóðlendum sem undirorpnar eru slíkum afnotarétti stundum stærri en 350 hektarar, burtséð frá því hvort viðkomandi jarðir sem upprekstrar-rétturinn fylgir eru það einnig. Fljótt á litið verður því ekki betur séð en fyrrnefnd ákvæði frumvarpsins feli í sér að samþykki ráðherra kunni að verða áskilið vegna framsals eignarréttar á jörðum ásamt upprekstrarrétti í þjóðlendu, þrátt fyrir að jarðirnar sjálfar séu minni en 350 hektarar, ef uppfyllt er það skilyrði að þjóðlendan sem afnotarétturinn lýtur að sé yfir þeim stærðarmörkum. Ekki kemur þó fram í greinargerð með frumvarpinu hvort ætlunin sé að það hafi þessi réttaráhrif. Ef til vill mætti taka af tvímæli um það atriði.

Í kafla 2.2.1 í greinargerð með frumvarpinu er að finna umfjöllun um stöðu þjóðlendumála. Af því tilefni er rétt að nefna að eftir uppkvaðningu úrskurðar óbyggðanefndar í máli á svonefndu svæði 10A, þ.e. Strandasýslu ásamt fyrrum Bæjarhreppi, hefur nefndin lokið umfjöllun um tæplega 89% af meginlandinu. Þjóðlendumálum er þó ekki að fullu lokið á þeim hluta landsins sem nefndin hefur úrskurðað um því enn bíða nokkur mál úrlausnar dómstóla. Einnig er vakin athygli á því að þótt meirihluti þjóðlendna sé á miðhálandinu eru margar þjóðlendum utan þess og enn er eftir að skera úr um mörk eignarlanda og þjóðlendna í Ísafjarðarsýslum (svæði 10B), Barðastrandarsýslum (svæði 10C), Austfjörðum (svæði 11) og á eyjum og skerjum umhverfis landið. Þjóðlendum utan miðhálandisins kann því eftir atvikum að fjölga við þá málsmeðferð.

Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að óbyggðanefnd veiti umsögn um efni frumvarpsins, enda varðar það ekki verkefni hennar með beinum hætti.

Fyrir hönd óbyggðanefndar,



Þorsteinn Magnússon, framkvæmdastjóri